



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 51/2023

Ákvörðun um sektir vegna ófullnægjandi verðmerkinga Nordic Market á Laugavegi

I.

Málsmeðferð

Dagana 28. ágúst til 15. september 2023 framkvæmdi Neytendastofa skoðun á ástandi verðmerkinga í ýmsum verslunum á Laugavegi og aðliggjandi götum. Kom starfsmaður Neytendastofu þ.á.m. í verslanir Nordic Market á Laugavegi 25 og 51, sem reknar eru af Nordic corporation ehf., þar sem verðmerkingar voru skoðaðar með tilliti til ákvæða 17. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, sem kveður á um það að fyrirtækjum sem selja vörur eða þjónustu beri að verðmerkja vöru sína og þjónustu og sýna það á áberandi hátt á sölustaðnum, sem og ákvæða reglna nr. 536/2011, um verðmerkingar og einingarverð við sölu á vörum. Samkvæmt reglunum ber fyrirtækjum að verðmerkja vöru með réttu söluverði þar sem hún er höfð til sýnis neytendum. Skoðanir starfsmanns Neytendastofu leiddu í ljós að ástand verðmerkinga á útstillingum var ábótavant í verslun á Laugavegi 51 en óverðmerkt í verslun á Laugavegi 25.

Starfsmenn verslananna kvittuðu fyrir komu starfsmanns Neytendastofu og þeim athugasemdum sem gerðar voru við ástand verðmerkinga. Í lok skoðananna skildi starfsmaður Neytendastofu eftir bréf í verslununum þess efnis að skoðun hefði farið fram og að Neytendastofa myndi senda félaginu bréf þar sem gerð yrði nánari grein fyrir ástandi verðmerkinga.

Með bréfi Neytendastofu til félagsins, dags. 26. september 2023, greindi stofnunin félaginu frá niðurstöðum skoðananna og gerði grein fyrir þeim ákvæðum sem í gildi eru um verðmerkingar. Þá var þeim eindregnu fyrirmælum beint til félagsins að koma verðmerkingum í betra horf. Í bréfinu kom fram að könnunum stofnunarinnar yrði fylgt eftir með nýjum könnunum og mætti félagið búast við því að tekin yrði ákvörðun um sektir, samkvæmt IX. kafla laga nr. 57/2005, yrði ekki farið að fyrirmælum stofnunarinnar um að koma verðmerkingum í rétt horf.



Þann 18. október 2023, var ástand verðmerkinga aftur skoðað í verslununum. Enn voru gerðar athugasemdir við verðmerkingar á útstillingum verslananna. Þannig var verðmerkingum ábótavant í verslun á Laugavegi 51 en þær óverðmerktar í verslun á Laugavegi 25.

Með bréfi Neytendastofu til Nordic Corporation ehf., dags. 10. nóvember 2023, var félaginu tilkynnt um framangreindar athugasemdir og gefinn tveggja vikna frestur til að koma að skýringum eða athugasemdum í málinu áður en tekin yrði ákvörðun um sektir á grundvelli IX. kafla laga nr. 57/2005.

Svar barst stofnuninni með tölvupósti, mótt. 15. nóvember 2023, þar sem félagið tók fram að það væri þeirra markmið að hafa allar vörur vel verðmerktar og að starfsmenn hafi verið beðnir um að verðmerkja vörur í gluggum og um alla búðina. Með tölvupóstinum fylgdi mynd af glugga í verslun félagsins sem sýndi verðmerkimiða við útstilltar vörur. Í lok tölvupóstsins vísar félagið til myndarinnar og segir að það er verið að fara betur yfir allt.

Staðfesti stofnunin móttöku og tjáði félaginu að höfð yrði hliðsjón af umræddum gögnum við töku stjórnvaldsákvörðunar í málinu.

II.

Niðurstaða

Í máli þessu hefur Nordic Corporation ehf. ekki sinnt fyrirmælum Neytendastofu um að koma verðmerkingum í verslunum Nordic Market á Laugavegi 25 og 51 í viðunandi horf innan tilskilins frests.

Ákvæði 17. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, er svohljóðandi:

„Fyrirtæki, sem selur vörur eða þjónustu til neytenda, skal merkja vöru sína og þjónustu með verði eða sýna það á svo áberandi hátt á sölustaðnum að auðvelt sé fyrir neytendur að sjá það. Neytendastofa getur sett nánari ákvæði um verðmerkingar með opinberri tilkynningu.“

Samkvæmt ákvæðinu ber söluaðilum ávallt að gefa upp verð á vörum og þjónustu. Á grundvelli heimildar ákvæðisins, sem og ákvæðis 18. gr. sömu laga, sem snýr að heimild Neytendastofu til að gefa fyrirtækjum sérstök fyrirmæli um að gera ráðstafanir til að auðvelda viðskiptavinum að meta verð og gæði, hefur Neytendastofa sett reglur nr. 536/2011, um verðmerkingar og einingarverð við sölu á vörum.

Um verðmerkingar á vörum segir í 1. og 2. mgr. 3. gr. verðmerkingareglanna:



„Fyrirtæki skal skýrt og greinilega merkja vöru sína með réttu söluverði og einingarverði í íslenskum krónum.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er þó heimilt að veita sömu upplýsingar nálægt vöru enda sé augljóst til hvaða vöru verðmerkingin vísar og tryggt sé að neytendur fái án vandkvæða aðgang að upplýsingum um sölu- og einingarverð sem skylt er að veita samkvæmt reglum þessum, sbr. 4. gr.“

Samkvæmt ákvæðunum ber versluninum að verðmerkja allar söluvörur sínar með réttu söluverði. Á fyrirtækjum hvílir afdráttarlaus skylda til að hafa söluvörur ávallt verðmerktar. Í seinni skoðun Neytendastofu í verslunum Nordic Market voru gerðar sömu athugasemdir og í fyrri heimsókn stofnunarinnar. Voru n.tt. gerðar athugasemdir við að verðmerkingar á útstillingum í versluninni á Laugavegi 51 var ábótavant og að útstillingar væru óverðmerktar í versluninni á Laugavegi 25. Með skýringum félagsins eftir seinni skoðun var stofnuninni sýnt fram á að þá hafi verið gerðar úrbætur. Eftir fyrri skoðun var félaginu gerð grein fyrir ástandi verðmerkinga í versluninum og viðeigandi reglum sem gilda um verðmerkingar og beindi Neytendastofa þeim fyrirmælum til félagsins að koma verðmerkingum í viðunandi horf. Það var ekki gert innan tilskilins frests og því telur Neytendastofa nauðsynlegt að beita þeim úrræðum sem lög nr. 57/2005 heimila.

Ákvæði 1. mgr. 22. gr. laga nr. 57/2005 segir:

„Neytendastofa getur lagt stjórnvaldssektir á fyrirtæki sem brjóta gegn:

[...]

b. stjórnvaldsreglum og ákvörðun Neytendastofu gegn viðskiptaháttum sem brjóta í bága við ákvæði II.-VIII. kafla [...]

c. reglum og fyrirmælum Neytendastofu um ráðstafanir til að auðvelda viðskiptavinum að meta verð og gæði, sbr. 18. gr.“

Með vísan til alls framangreinds, sem og að teknu tilliti til meðalhófsreglu og jafnræðisreglu stjórnarsýslulaga, og með hliðsjón af sektarákvörðunum í sambærilegum málum þykir Neytendastofu hæfilegt að leggja á Nordic Corporation ehf. stjórnvaldssekt að fjárhæð 100.000 kr. (hundrað þúsund krónur). Sektina skal greiða í ríkissjóð eigi síðar en þremur mánuðum frá dagsetningu ákvörðunar þessarar.



III.

Ákvörðunarorð:

„Nordic Corporation ehf., Sunnuflöt 20, 210 Garðabæ, hefur brotið gegn ákvæði 17. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, sem og ákvæði 3. gr. reglna nr. 536/2011, um verðmerkingar og einingarverð við sölu á vöru, með óviðunandi verðmerkingum í verslunum Nordic Market á Laugavegi 25 og 51.

Með heimild í b. og c. lið 1. mgr. 22. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, leggur Neytendastofa stjórnvaldssekt á Nordic Corporation ehf. að fjárhæð kr. 100.000 (hundrað þúsund krónur). Sektina skal greiða í ríkissjóð eigi síðar en þremur mánuðum frá dagsetningu ákvörðunar þessarar.“

Neytendastofa, 18. desember 2023

Þórunn Anna Árnadóttir
forstjóri

Matthildur Sveinsdóttir